



## 12. fundur aðalstjórnar Aftureldingar 10. nóv. 2011

### Fundur settur kl. 19:00 að Varmá

Mætt: Anna Sigríður Guðnadóttir, Ásmundur Pálsson, Guðjón Helgason, Helga Jóhannesdóttir, Hekla Klemenzdóttir, Kristín Reynisdóttir og Sævar Kristinsson.

Dagskrá:

1. Fundir með deildum
2. Fjárhagsstaða félagsins
3. Staða framkvæmdastóra
4. 50+ staða
5. Erindi varðandi mfl. kvk. handbolta
6. Önnur mál

- 1. Fundir með deildum** Samkvæmt ákvörðun á 11. fundi aðalstjórnar hafa verið haldnir fundir með öllum deildum nema körfu um fjárhagsstöðu þeirra. Mikil ánægja kom fram með þessa fundi og er vilji til þess að hafa slíka fundi reglulega.
- 2. Fjárhagsstaða félagsins.** Komið hefur fram við skoðun að fjárhagsstaða félagsins sé nokkuð óljós og ákveðið hefur verið að ráða tímabundið utanaðkomandi aðila til að fara yfir bókhaldið til að skýra stöðuna. Þar til staðan skýrist verða engir reikningar greiddir nema laun, opinber gjöld og mótsgjöld vegna móta yngri iðkenda. Formaður mun senda formönnum deilda upplýsingar um þessa ákvörðun. Enn fremur mun formaður tilkynna deildum að engar skuldbindingar sé heimilt að gera í nafni deilda félagsins fyrr en greiðslustaða deildanna og félagsins er komin í lag.
- 3. Staða framkvæmdastjóra** Brynjar mun vera að störfum með utanaðkomandi bókara, sbr. lið 2, til að skýra fjárhagsstöðuna og aðstoða við að koma nýjum framkvæmdastjóra inn í starfið og mun láta af störfum að þeim tíma liðnum.
- 4. 50+** Landsmótsnefndin hefur hafið störf. Tillögur eru komnar fram um mótsgreinar sem iðkaðar eru innan Aftureldingar. Á formannafundi verður kannað með undirtektir formanna við að taka að sér utanumhald einstakra greina og hvort hugmyndir um aðrar greinar koma fram. Formannafundur verður haldinn miðvikudag 23. nóvember kl. 18:30.
- 5. Erindi vegna mfl. kvk.** Erindið varðandi kostnað við þjálfun mfl. kvk. handknattleik verður tekið upp á sérstökum fundi með Ingu Lilju sem Guðjón varaformaður og Ásmundur munu boða til.
- 6. Önnur mál** Staða varðandi húsnæðismál rædd. Von er á samanburði á fyrirbyggjandi húsnæðiskostum.

Fundi slitið kl. 21:10.

Næsti fundur verður miðvikudag 28. nóvember kl. 17:15

**Fundargerð ritaði Anna Sigríður Guðnadóttir ritari aðalstjórnar**